

DAGS.

4.11 2023

TIL:

Matvælaráðuneytið

FRÁ

Arctic Fish ehf

STEFNUMÓTUN Í LAGARELDI, ATHUGASEMDIR ARCTIC FISH EHF

Arctic Fish ehf. hefur tekið til umsagnar drög matvælaráðuneytisins á stefnumótun lagareldis. Hér að neðan er fjallað um einstaka kafla stefnumótunarinnar. Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) skila einnig inn umsögn um þessa stefnu. Arctic Fish tekur undir hana.

1. Uppbygging og umgjörð lagareldis.

Arctic Fish fagnar því að stjórnvöld hafi tekið forystu í frekari þróun á umgjörð lagareldis tekur undir þau megin markmið sem sett eru fram í stefnunni. Mörg þeirra stefnumiða og mælikvarða sem sett eru fram munu hafa mikil áhrif á umgjörð og fyrirkomulag rekstrar eldisfyrirtækjanna sem erfitt væri að snúa við næðu þau ekki þeim markmiðum sem sett eru fram. Því ber að vanda til verka og það samráðsferli sem nú er í gangi vekur vonir um að hægt sé að ná niðurstöðu sem hagaðilar geta sæst á.

1.1. Stoðir stefnumótunnar

Í úttekt Ríkisendurskoðunar komu fram fjölmargar athugasemdir sem að miklu leiti voru gagnrýni á stjórnvöld. Van fjármagnaðar stofnanir og óskýrt regluverk voru þar megin niðurstöður. Mikilvægt er að farið sé eftir þeim ábendingum sem þar koma fram. Það má jafnvel halda því fram að það hefði átt að vera búið að gera það nú þegar enda voru þessar ábendingar fæstar ný framkomnar.

Í þessu samhengi má benda á flókið og tímafrekt ferli við útgáfu leyfa og breytingar á núgildandi leyfum, sérstaklega minniháttar breytingar s.s. færslu eða breytingu á lögum eldissvæða. Mikilvægt er að leyfisferlið sé skilvirkt og að ferlið við breytingar á útgefnum leyfum séu einfalt í framkvæmd. Þar má sérstaklega benda á samspil leyfa og strandskipulags. Ef færa á svæði út fyrir reit sem er á strandsvæðaskipulagi verður ferlið enn flóknara.

Arctic Fish leggur til að bætt verði við aðgerð í stefnu stjórnvalda um að ferlið við breytingar (tilfærslur, hliðrun) á núgildandi leyfum verði einfaldaðar og skýrðar sem og tilheyrandi breytingar á Strandsvæðaskipulagi.

Arctic Fish leggur til að bætt verði við aðgerð í stefnu stjórnvalda þess efnis að umsóknir um ný leyfi verði einfaldaðar og færðar undir eina stofnun sem og eftirlit með greininni.

1.2. Áskoranir og tækifæri

Í skýrslu Boston Consulting kemur vel fram hvaða tækifæri liggja í sjóeldi fyrir samfélög þar sem eldi er stundað og ríkissjóð. Í skýrslunni eru settar fram ýmsar sviðsmyndir.

Arctic Fish leggur til að í stefnumótun stjórnvalda komi skýrar fram hvaða sviðsmynd úr skýrslu BC stefnt er að og leiðir að henni væru betur skilgreindar.

DAGS.

4.11 2023

TIL:

Matvælaráðuneytið

FRÁ

Arctic Fish ehf

1.3. Framtíðarsýn til ársins 2040

Í stefnunni mætti gera betur grein fyrir öðrum markmiðum stjórnvalda en umhverfismarkmiðum. T.d. þegar kemur að markmiðum er lúta að atvinnusköpun, samfélagsáhrifum og áhrifum á fjármál ríkis og sveitarfélaga. Jafnframt er óljóst hver séu markmið stjórnvalda um framleitt magn, skattspor, fjölda starfa og afleiddra starfa, fullvinnslu afurða og ímynd íslensks lax á erlendum mörkuðum sem og samkeppnishæfni greinarinnar við önnur lönd. Í stefnunni er minnst á umhverfishvata en ekki er minnst á samfélagslega hvata. Mætti skoða slíka hvata?

Í stefnumótuninni kemur fram að í samanburði við aðra dýrapróteinframleiðslu getur lagareldi gengt mikilvægu hlutverki og stuðlað að markmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Með það í huga hefur Ísland mikilvægu hlutverki að gegna í að draga úr kolefnisfótspori við matvælaframleiðslu á heimsvísu og með það í huga er mikilvægt að hægt sé að auka framleiðslu og opna ný svæði. Ferlið fyrir slíkt þarf að vera skýrt.

2. Sjókvíaelði**2.1. Vísindi í forgrunni**

Arctic Fish fagnar því að vísindi eigi að vera í forgrunni í sjókvíaelði og að byggja eigi á rannsóknum og vísindum við uppbyggingu sjókvíaeldis. Áhættumat og Burðarþolsmat gegna þar lykilhlutverki. Mikilvægt er að þessi mót séu lifandi og að skýrt sé í lögum við hvaða skilyrði beri að endurmeta þau og hvernig leyfi eigi að breytast verði breyting á þessum mötum. Þessi mót þurfa að vera byggð á bestu mögulegu vísindum og þau rökstudd og rýnd. Skynsamlegt er að áhættumat sé miðað við fjölda fiska og að það sé eftir fremsta megni svæðisbundið en ekki bundið við firði. Þannig sé mögulegt fyrir fyrirtæki að auka eldi tímaundið í einum firði sé það lægra í örðum. Jafnframt væri skynsamlegt að burðarþol og hámarks leyfður lífmassi í leyfum væri skilgreindur sem meðaltal en ekki hámark. Þannig væri hægt að nýta leyfi betur, draga úr álagi á ákveðnum tímum og auka það á öðrum en heildarálag á umhverfi yrði það sama. Sem dæmi með 1000 tonna leyfi, þá væri hægt að vera með 800 tonn hálf tónn árið og 1200 hinn helminginn. Þannig væri hægt að nýta hlýja sumarmánuði betur til vaxtar og slátra minna þegar verð eru lág.

Arctic Fish hvetur til þess að áhættumat erfðablöndunnar verði svæðisbundið en ekki bundið við ákveðna firði. Leyfi rekstraraðila verði aðlöguð að þessu. Heimilt verði að nýta lífamassa leyfa á fleiri en einni staðsetningu og að lífmassi í leyfum verði meðaltal en ekki hámark.

2.2. Aukin dýravelferð og**2.3. Áhættustýrt skipulag**

Í stefnumótun MAR er lögð til önnur leið en er í tillögum starfshóps um smitvarnir sem skilaði af sér tillögum í Nóvember 2022. Stefnt er að því að einungis eitt fyrirtæki starfi á hverju lífvarnasvæði (e. Biosecurity zone). Einnig er stefnt að því að hver fjörður eða afmarkað hafsvæði verði eitt lífvarnasvæði.

Arctic Fish skilur fyrirætlunina með tillögunni og hugsanlegan ávinning af slíkri uppsetningu. Það er þó alls ekki augljóst að það að einn aðili starfi í hverjum firði tryggji auknar lífvarnir (e. biosecurity).

DAGS.

4.11 2023

TIL:

Matvælaráðuneytið

FRÁ

Arctic Fish ehf

Í tillögu MAR að stefnumótun í fiskeldi er byggt á því að reynsla frá Noregi og Færeyjum sýni að heppilegast sé að það sé aðeins einn framleiðandi á ákveðnu svæði. Það er mikil einföldun. Þau svæði í Noregi sem hafa sýnt bestan árangur eru svæði þar sem að margir framleiðendur starfa. Það er því vel mögulegt að halda uppi góðum lífvörnum með skýrum og skilvirkum reglum og samræmdri hvíld svæða, vöktun á lúsaálagi með viðmiðum um aðgerðir og samtali á milli yfirvalda og framleiðenda.

Varðandi hvatakerfi/refsingar fyrir frammistöðu byggða á lúsaálagi, afföllum og stroki þá er mikilvægt að það séu hvatar til vaxtar en ekki einungis refsingar fyrir slaka frammistöðu. Einnig er mikilvægt er að framleiðendum sé ekki refsað fyrir atburði sem eru utan þess sem félagið getur stýrt s.s. affalla vegna nýrra sýkla, þörungablóma og marglytta. Refsingar vegna affalla geta því verið vandasamar í framkvæmd. Við tökum undir metnaðarfull markmið um að draga úr afföllum. Þau markmið þurfa að vera raunhæf.

Að okkar mati eru þær hugmyndir sem settar hafa verið fram um hvernig beri að lágmarka lús, nokkuð flóknar sem gæti dregið úr árangri. Líklegra til árangurs er að horfa til Noregs þar sem að krafa er á framleiðendur um að halda lús niðri og bregðast við sé komið að mörkum. En einnig eru hvatar fyrir þau fyrirtæki sem eru undir mörkum.

Við ráðleggjum frá þeirri hugmynd að meta frammistöðu fyrirtækja á ákveðnu framleiðslusvæði. Til að reglur séu skilvirkar er heppilegast að frammistaða sé metin á hverri staðsetningu (kviastæði) fyrir sig.

Við teljum einnig að heppilegra sé að hafa skýr markmið þegar kemur að lúsa álagi, afföllum og umhverfi, fremur en að hvetja til notkunar á ákveðinni tækni, s.s. lokaðar kvíar eða geldfisk. Fókusinn á að vera á niðurstöðuna ekki á leiðina að niðurstöðunni. Að öðrum kosti getur það leitt til þess að fyrirtæki fjárfesti í tækni sem er óhagkvæm.

Að mati Arctic Fish eru aðalatriði lífvarna:

- Aðalatriðið út frá sjónarhóli smit- og sjúkdómavarna eru aðskilin svæði fyrir mismunandi kynslóðir (árganga) eldisfisks með sameiginlegri og samræmdri hvíld svæða sem hafa áhrif hvert á annað með sjávarstraumum og tilheyra þar af leiðandi sama lífvarnarsvæði. Samræmdri hvíld er náð með skýrum reglum sem settar eru fram á vísindalegum forsendum. Eignarhald skipti minna máli í þeim efnum.
- Það sama á ekki við þegar rætt er um lús annarsvegjar og smitsjúkdóma hinsvegjar. Útgangspunktur í stefnumótun þessari varðandi þá hugmyndafræði að aðeins einn aðili starfi í hverjum firði er að ábyrgð og afleiðingar fari saman. Lús getur haft áhrif á milli svæða og fjarða. Þannig er t.d. ekki augljóst í þeim efnum að ábyrgð og afleiðingar séu alltaf skýrar. Þess vegna telur Arctic Fish að horfa beri meira til verklags frekar en að það sé endilega eina lausnin og sú besta að eitt fyrirtæki starfi á hverju svæði.
- Mögulegur fjöldi eldisvæða er takmarkaður. Megin forsenda þess að eldið sé hagkvæmt og að álagi á umhverfi sé dreift er að eldisfyrirtæki hafi aðgang að a.m.k. þremur árgangasvæðum. Það kann því að vera mikilvægari forsenda fyrir skipulag eldis að félögin hafi möguleika á kynslóðabundnu eldi en að það sé eitt fyrirtæki í hverjum firði.

DAGS.

4.11 2023

TIL:

Matvælaráðuneytið

FRÁ

Arctic Fish ehf

- Innleiðing á kröfu um eitt fyrirtæki – einn fjörð (svæði) getur takmarkað tækifæri til að breyta óhagstæðum svæðum/skipulagi til framtíðar.

Sjóeldisfyrirtækin afhentu Matvælaráðuneytinu tillögu 3. nóvember 2022 um leiðir að bættum smit- og sjúkdómavörnum. Þar er lagt til að öll framleiðsla í sjóeldi byggist á svo kallaðri „Allt í - allt út“ hugmyndafræði [e. All in, all out]. Tillagan byggir á ítarlegu samráði sjóeldisfyrirtækjanna og sérfræðiþekkingu bæði frá Íslandi og í útlöndum og er samþykkt af öllum fyrirtækjum sem hafa leyfi til að ala lax við strendur Íslands.

Í tillögunni felst að skilgreind eru Lífvarnasvæði (CBA) og að öll kviastæði (staðsetningar) þurfa að vera hluti af skilgreindu Lífvarnasvæði. Jafnframt fellst í tillögunni að meira en 5 km þurfa að vera á milli Lífvarnasvæða. Innan hvers svæðis sé útsetning, slátrun og hvíldartími samrýmd. Þá sé umferð á milli svæða haldið í lágmarki, bæði skipa, búnaðar og starfsfólks.

Grundvöllur tillögunnar varðandi Lífvarnasvæði (CBA) er að hvert fyrirtæki þarf að hafa aðgang að a.m.k. þremur eldissvæðum á þremur mismunandi Lífvarnasvæðum til að geta stundað kynslóðabundið eldi. Þannig er á hverju ári settur út fiskur á einu svæði, annað svæðið er í vexti og slátrað er af því þriðja og það hvílt. Þetta er lykilforsenda sjálfbærs eldis og ekki er víst að það náist fram með hugmyndafræðinni, einn fjörður einn framleiðandi, sem stefnumótunin gengur út frá.

Arctic Fish leggur til að horft verði til tillögu sjóeldisfyrirtækjanna frá Nóvember 2022, við skipulag eldis og aukna dýravelferð frekar en þess að skilyrt sé að einn framleiðandi sé í hverjum firði.

Eigi að setja reglur um starfsemi slátruhúsa er mikilvægt að skilgreina áhættur með það í huga að ekki verði til óparfa fjárfesting í greininni sem veikir samkeppnisstöðu. Aðal atriðið í þeim efnunum er að gæta að smitvörnum og að slátruhús sé almennt í nokkurri fjarlægð frá eldissvæðum frekar en að þau séu fleiri.

2.4. Skilvirkari stjórnsýsla

Arctic Fish fagnar því að setja eigi aukið fjármagn til stofnanna sem koma að fiskeldi. Með auknum rannsóknum og þekkingu skapast forsendur til vaxtar og þekking er grunnur að farsælli löggjöf og umgjörð fyrir fiskeldið.

Arctic Fish telur mikilvægt að einfalda regluverk og eftirlit í sjókvíaldeldi og að sameina eigi rekstrar- og starfsleyfi í eitt. Félagið telur einnig að heppilegt sé að staðla eftir fremsta megni skilyrði leyfa svo að þau séu eins og milli svæða og fyrirtækja þegar kemur að stærð seiða, hvíldartíma og önnur skilyrði. Skynsamlegt er að skilyrði leyfa vísi til laga og reglna í stað þess að hvert og eitt leyfi hafi mismunandi skilyrði. Þannig breytast öll leyfi þegar a lög og reglur breytast og samræmi er á milli leyfa.

Í umræðum um að Matvælastofnun eigi nauðsynlegan búnað er mikilvægt að áréttta að búnaður fari ekki á milli svæða. Hvorki búnaður fyrirtækja né eftirlitsaðila. Það kann því að vera óhagkvæmt að ætlast til þess að eftirlitsaðilar komi sér upp öllum búnaði. Í einhverjum tilvikum væri hagkvæmara að skylda fyrirtækin til að aðstoða við eftirlit með sínum búnaði og að hann sé til reiðu.

DAGS.

4.11 2023

TIL:

Matvælaráðuneytið

FRÁ

Arctic Fish ehf

Þegar mótuð er stefna fyrir rannsóknir og eftirlit ætti kjarninn að vera einfalt regluverk og skilvirkt sem og hagkvæmt eftirlit. Sameining eftirlitsstofnana gæti verið hluti af því. Mikilvægt er að eftirlit með fiskeldisfyrirtækjum sé sambærilegt og með öðrum fyrirtækjum. Þær hugmyndir sem kynntar hafa verið virðast nokkuð kostnaðarsamar.

Félagið telur að sameina eigi sem flest verkefni sem tengjast fiskeldi í einni stofnun sem sé vel fjármögnuð. Það mun auka fagmennsku, verða skilvirkara og bæta eftirlit.

Þegar horft er til fyrirkomulags leyfa til fiskeldis á Íslandi vill Arctic Fish benda á.

- Vaxtartimabil í sjóeldi á Íslandi er stutt vegna hitastigs sjávar. Því ætti að skoða að eldisleyfi væru bundin við meðallífsmassa en ekki hámarkslífsmassa. Þá væri hægt að nýta betur vöxtinn yfir sumartíman þegar verð eru yfirleitt lág og slátra svo meira á veturna þegar skilyrði til vaxtar eru minni og verð að jafnaði hærrí.
- Jafnframt ætti að skoða að slíta sundur framleiðsluheimildir og staðsetningar. Eldisfyrirtæki hefðu þannig heimild til að vera með ákveðin fjölda af fiski í sjó en það væri ekki bundið við ákveðnar staðsetningar. Þannig er auðveldara að stýra framleiðslu, leggja af óhagkvæm svæði, hvíla svæði og huga að sjúkdómavörnum.
- Auðvelda þarf færslu og breytingu á svæðum, sérstaklega minniháttar breytingar.
- Einfalda þarf ferlið við útgáfu nýrra leyfa.

2.5. Afgjald af sameiginlegri auðlynd.

Fram kom í kynningu ráðuneytisins að markmiðið væri að auka skatta á fiskeldi. Skilvirkasta leiðin til þess að afla meiri tekna er að láta greinina vaxa og tryggja þannig að heildartekjur ríkissjóðs hækki. Við viljum því hvetja til þess að skattalöggjöfin verði endurhugsuð og að horft verði til einfaldrar skattlagningar á hagnað.

Áform um að hækka hlutfallslegar skatttekjur eru ótímabærar. Í því samhengi má benda á að rekstur eldisfyrirtækjanna hefur ekki skilað afgangi, enn sem komið er og framleiðslukostnaður er enn hár í samanburði vegna smæðar fyrirtækjanna, langs framleiðslutíma og almennt hás kostnaðar vegna smæðar greinarinnar, samanborið við önnur eldislönd. Enn er mikil fjárfestingarþörf í greininni og verður áfram og rekstur eldisfyrirtækjanna á uppbyggingartímanum er sveiflukenndur.

Arctic Fish telur því mikilvægt að horft verði til þess að sértækir fiskeldisskattar verði hlutfall af hagnaði. Hærrí skattar munu draga úr fjárfestingargetu fyrirtækjanna og hægja á vexti og nýsköpun sem skapar grunn að skatttekjum.

Skattar þurfa einnig að vera samkeppnishæfir á milli landa og skattaumhverfi fiskeldis á Íslandi er frekar íþyngjandi miðað við önnur lönd, sérstaklega þegar tekið er mið af þroska greinarinnar.

Félagið hvetur stjórnvöld til að gera greiningu á samkeppnishæfni íslensks sjóeldis sérstaklega með tilliti til opinberra álaga.

2.6. Fjárfest til framtíðar

DAGS.

4.11 2023

TIL:

Matvælaráðuneytið

FRÁ

Arctic Fish ehf

Arctic Fish tekur undir þau sjónarmið sem sett eru fram undir menntun og þekking. Verði vöxtur greinarinnar í samræmi við sviðsmyndir verður mikil þörf fyrir menntað starfsfólk með margskonar menntun. Því þarf að vera til staðar nám á fjölbreyttum stigum.

Einnig er mikilvægt að nýsköpunarumhverfi í fiskeldi sé styrkt. Í eldinu er mikið af tækniþúnaði sem æskilegt væri að þróaður væri á Íslandi.

2.7. Græn uppbygging.

Arctic Fish tekur undir markmið í grænum lausnum.

Arctic Fish hvetur til þess að innleiddir verði hvatar til þess að flýta fyrir orkuskiptum. Bent er á það í skýrslunni að landtengingar séu raunhæfur kostur. Í mörgum tilvikum getur landtengdur þrammi jafnframt gert orkufyrirtækjum kleift að rafvæða samhliða aðra starfsemi s.s. ferðaþjónustu eða bóndabæi. Hvetja þarf til samstarfs í þessum efnum.

Fyrirtækið vill að lokum þakka fyrir tækifærið til að koma á framfærum athugasemdum við fyrirbyggjandi drög að stefnumótun lagareldis. Félagið beinir því stjórnvalda að uppfæra stefnumótun sína til samræmis við þær. Félagið lýsir sig reiðubúið til frekara samráðs við áframhaldandi stefnumótun, innleiðingu og útfærslu einstakra aðgerða.